



**6. fundur
bæjarstjórnar Norðurbings
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurbings,
þriðjudaginn 21. júní 2011 og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Gunnlaugur Stefánsson, Hólmfríður Soffía Helgadóttir, Hjálmar Bogi Hafliðason, Jón Helgi Björnsson, Olga Gísladóttir, Trausti Aðalsteinsson, Þráinn Guðni Gunnarsson, Sigríður Valdimarsdóttir, Benedikt Kristjánsson, Bergur Elías Ágústsson, Guðbjartur Ellert Jónsson,

Fundargerð ritaði: Guðbjartur Ellert Jónsson, Fjármálastjóri - staðgengill bæjarstjóra

Dagskrá:

1. 201106015 - Afgreiðslur byggingarleyfisumsókna

Fyrir bæjarstjórn liggur erindi til afgreiðslu sem tekið var á 77. fundi skipulags- og byggingarnefndar.
Eftirfarandi er afgreiðsla nefndarinnar:

"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við bæjarstjórn að byggingarfulltrúa verði hér eftir falið að fullafgreiða byggingarleyfisumsóknir til samræmis við 2. mgr. 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 enda eigi byggingarleyfin stöð í deiliskipulagi og lögum um mannvirki. Byggingarfulltrúi kynni afgreiðslur embættisins á fundum skipulags- og byggingarnefndar".

Fyrirliggjandi tillaga skipulags- og byggingarnefndar samþykkt samhljóða án umræðu.

2. 201106016 - Fornleifaathuganir á iðnaðarsvæði á Bakka og vegsvæði frá Húsavíkurhöfn að Bakka

Fyrir bæjarstjórn liggur erindi til afgreiðslu sem tekið var á 77. fundi skipulags- og byggingarnefndar.
Eftirfarandi er afgreiðsla nefndarinnar:

"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við bæjarstjórn að hafnar verði sem fyrst nauðsynlegar fornleifaathuganir á iðnaðarlóð á Bakka og vegsvæði milli Húsavíkurhafnar og iðnaðarlóðarinnar. Samkvæmt yfirlýsingum stjórnvalda fer nú að draga til tíðinda er varðar framkvæmdir á Bakka og nauðsyn á frekari rannsóknum fornleifa áður en hægt er að veita framkvæmdaleyfi".

Til máls tóku: Gunnlaugur og Bergur.



Framlögð tillaga forseta bæjarstjórnar að bókun:
"Bæjarstjórn samþykkir að hefja vinnu við fornleifarannsóknir á iðnaðarsvæði á Bakka og vegstæði frá Húsavíkurhöfn að Bakka. Bæjarstjórn felur bæjarstjóra í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa að taka upp viðræður við þá sem málið varðar".

Gunnlaugur Stefánsson - sign
Jón Helgi Björnsson - sign
Benedikt Kristjánsson - sign
Hjámar Bogi Hafliðason - sign
Þráinn Gunnarsson - sign
Olga Gísladóttir - sign
Soffía Helgadóttir - sign
Trausti Aðalsteinsson - sign
Sigríður Valdemarsdóttir - sign

Fyrirliggjandi tillaga skipulags- og byggingarnefndar samþykkt samhljóða.

3. 201105045 - Viljayfirlýsing um samstarf á sviði orkunýtingar og atvinnuuppbyggingu.

Fyrir bæjarstjórn liggur erindi til afgreiðslu sem tekið var á 17. fundi bæjarráðs.

Eftirfarandi er afgreiðsla bæjarráðs:

"Fyrir bæjarráði liggur viljayfirlýsing um samstarf á sviði orkunýtingar og atvinnuuppbyggingu. Bæjarráð vísar viljayfirlýsingunni til umfjöllunar og staðfestingar í bæjarstjórn".

Til máls tóku: Bergur, Hjálmar Bogi og Jón Helgi.

Bæjarstjórn staðfestir fyrirliggjandi viljayfirlýsingu samhljóða.

4. 201006035 - Norðurbing, skipan fulltrúa í nefndir og ráð 2010-2014

Fyrir bæjarstjórn liggur kosning og skipan í eftirfarandi nefndir og ráð:

1. Kosning forseta bæjarstjórnar.
2. Kosning fyrsta varaforseta bæjarstjórnar.
3. Kosning annars varaforseta bæjarstjórnar.
4. Skipan fulltrúa í bæjarráð til 1. árs.
5. Breyting á skipan í nefndir.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að Gunnlaugur Stefánsson verði forseti bæjarstjórnar, Trausti Aðalsteinsson verði fyrsti varaforseti bæjarstjórnar og Þráinn Gunnarsson verði annar varaforseti bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að eftirtaldir fulltrúar skipi bæjarráð til júní 2012.

1. Jón Helgi Björnsson aðalmaður, og til vara verði Olga Gísladóttir
2. Gunnlaugur Stefánsson aðalmaður, og til vara verði Soffía Helgadóttir.
3. Þráinn Gunnarsson aðalmaður, og til vara verði Jón Grímsson.



4. Trausti Aðalsteinsson áheyrnarfulltrúi, og til vara verði Sigríður Valdemarsdóttir.

Skipan í nefndir og ráð:

Í stað Sigríðar Hauksdóttur varamanns í félags- og barnaverndarnefnd, kemur Hilmar Dúi Björgvinsson.

Í staða Kolbrúnar Gunnarsdóttur, aðalmanns í menningar- og fræðslunefnd, kemur Stefán Rögnvaldsson.

Í stað Stefaníu Gísladóttur, varamaður í menningar- og fræðslunefnd, kemur Hilmar Dúi Björgvinsson.

Í stað Stefáns Rögnvaldssonar, varamanns í framkvæmda- og hafnanefnd, kemur Arnþrúður Dagsdóttir.

Í Landsþing Samband íslenskra sveitfarfélaga sem aðalmaður kemur Sigríður Valdemarsdóttir í stað Friðriks Sigurðssonar.

Í stað Sigríðar Valdemarsdóttur, sem varamaður á aðalfund DA, kemur Stefanía Gísladóttir.

Tillögurnar bornar upp og samþykktar samhljóða.

5. 201104104 - Ársreikningur Norðurbings fyrir árið 2010

Fyrir bæjarstjórn liggur ársreikningur Norðurbings fyrir árið 2010.

Í A hluta er rekstrarniðurstaða ársins neikvæð um 245,3 mkr. samanborið við 50,1 mkr. neikvæða afkomu skv. áætlun. Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B- hluta á árinu 2010 var jákvæð um 506,6 mkr. samanborið við 1.299,5 mkr. jákvæða afkomu samkvæmt áætlun. Mismunurinn er 792,9 mkr. sem er um 29,4% af tekjum samstæðunnar. Meginástæða þessa mikla mismunar má rekja til Orkuveitu Húsavíkur ehf. en í áætlun var gert ráð fyrir að allt söluverð eignarhlutans í Þeistareykjum kæmi til tekna OH á árinu 2010. Hluti söluverðsins var hins vegar í formi skuldabréfs sem ekki hefur verið eignfært í bókhaldi OH vegna óvissu um fullnustu, og skýrir það að mestu ofangreindan mun.

Skatttekjur aðalsjóðs lækkuðu um 3,4% eða um 52,7 mkr. milli árána 2009 og 2010. Útsvar og fasteignaskattar breytast lítið milli árána 2009 og 2010 en mestar breytingar eru í framlögum frá Jöfnunarsjóði sem lækka á milli ára. Grunnskólaframlag lækkar verulega eða um 41,4 mkr. Aukaframlag og önnur framlög lækka einnig milli ára en á móti kemur nýr liður, framlag vegna hækkunar tryggingagjalds sem nam 16,9 mkr. á árinu 2010.

Rekstur aðalsjóðs.

Útgjöld til málaflokka, önnur en fjármagsliðir og framlag vegna lífeyrisskuldbindinga námu 1.938,7 mkr. á árinu 2010 samanborið við 1.841,9 mkr. á árinu 2009. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 21,8 mkr. á árinu 2010 sem er veruleg breyting frá árinu 2009. Vaxtastig og



verðbólga hafa lækkað verulega auk þess sem gengisþróun var hagstæð á árinu 2010. Lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins hækkaði verulega á árinu vegna breytinga á forsendum í útreikningi tryggingafræðings en nú hefur verið tekið inn í útreikninginn hluti desember og orlofsuppbótar sem ver ekki inn í útreikningum áður og hefur það veruleg áhrif til hækkunar á skuldbindingunni.

Þróun launakostnaðar samstæðunnar.

Eins og áður eru laun og launatengd gjöld stærsti einstaki kostnaðarliður sveitarfélagsins og námu þau 1.142,3 mkr. án hækkunar á lífeyrisskuldbindingum samanborið við 1.136,4 mkr. árið 2009. Laun og launatengd gjöld án lífeyrisskuldbindinga námu 51,3% af tekjum sveitarsjóðs samanborið við 49,2% árið 2009. Laun og launtengd gjöld standa í stað milli áranna 2009 og 2010, hækkunin nemur 0,5% samanborið við 10,5% hækkun milli áranna 2008 og 2009 sen sú hækkun skýrðist að messu á hækkunum í takt við almenna kjarasamninga.

Sjóðstreymi.

Rekstur A hluta skilaði 27,5 mkr. í veltufé frá rekstri samanborið við 106,4 mkr. veltufé frá rekstri árið á undan. Í áætlun var gert ráð fyrir 160,9 mkr. veltufé frá rekstri. Rekstur A og B hluta skilaði 122,3 mkr. veltufé frá rekstri samanborið við 187,1 mkr. árið á undan. Í áætlun var gert ráð fyrir 225,0 mkr. veltufé frá rekstri samstæðunnar. Sem hlutfall af tekjum nam veltufé frá rekstri A-hlutans 1,2% samanborið við 5,5% árið á undan. Veltufé frá rekstri samstæðunnar nam 4,5% af tekjum samanborið við 7,1% árið 2009.

Í A-hluta var fjárfest fyrir 72,3 mkr. í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu, og í samstæðunni í heild fyrir 89,8 mkr. Sala fastafjármuna úr A - hluta nam 6,5 millj. kr. á árinu en í samstæðunni í heild nam sala fastafjármuna 129,8 mkr. Í A - hluta námu lántökur 403,3 mkr. og afborganir langtímalána 165,8 mkr. Í samstæðunni námu lántökur 221,6 mkr. og afborganir langtímalána 451,2 mkr.

Í árslok var lausafjárstaða A hlutans ágæt, handbært fé nam 306,6 mkr. samanborið við 119,7 mkr. í ársbyrjun. Í samstæðunni í heild nam handbært fé í árslok 570,5 mkr. samanborið við 190,2 mkr. í ársbyrjun.

Fyrirliggjandi ársreikningur Norðurbings fyrir árið 2010 borinn upp til samþykktar. Ársreikningurinn fyrir árið 2010 samþykktur samhljóða og án umræðu.

6. 201106003 - Umboð til bæjarráðs

Fyrir bæjarstjórn liggur veiting umboðs til handa bæjarráði sem mun fara með afgreiðslur bæjarstjórnar í sumarorlofi bæjarstjórnar. Umboðið stendur í tvo mánuði frá og með 22. júní til og með 22. ágúst 2011. Jafnframt mun fulltrúa B - Listans vera boðið að sitja fundi bæjaráðs í orlofi bæjarstjórnar.

Til máls tóku: Hjálmar Bogi, Bergur, Jón Helgi, Olga, Soffía og Trausti.

Fyrirliggjandi umboð bæjarráðs samþykkt samhljóða.



7. 201105011F - Bæjarráð Norðurbings - 16

Fyrir bæjarstjórn liggur fundargerð 16. fundar bæjarráðs til staðfestingar.

Til máls tóku undir 1. lið fundargerðarinnar, Hjálmar Bogi, Bergur og Soffía.

Til máls tóku undir 2. lið fundargerðarinnar, Sigríður, Bergur og Jón Helgi.

Til máls tóku undir 6. lið fundargerðarinnar, Trausti og Þráinn.

Til máls tók undir 14. lið fundargerðarinnar, Hjálmar Bogi

Aðrir liðir fundargerðarinnar staðfestir án umræðu.

8. 201106001F - Skipulags- og byggingarnefnd Norðurbings - 77

Fyrir bæjarstjórn liggur fundargerð 77. fundar skipulags- og byggingarnefndar.

Til máls tóku undir 5. lið fundargerðarinnar, Trausti, Soffía, Jón Helgi og Sigríður.

Aðrir liðir fundargerðarinnar staðfestir án umræðu.

9. 201106003F - Fræðslu- og menningarnefnd Norðurbings - 5

Fyrir bæjarstjórn liggur fundargerð 5. fundar fræðslu- og menningarnefndar.

Til máls tóku undir 1. lið fundargerðarinnar, Hjálmar Bogi og Gunnlaugur.

Til máls tóku undir 5. lið fundargerðarinnar, Hjálmar Bogi, Jón Helgi, Þráinn, Soffía, Benedikt, Gunnlaugur og Sigríður.

Til máls tóku undir 7. lið fundargerðarinnar, Hjálmar Bogi.

Aðrir liðir fundargerðarinnar staðfestir án umræðu.

10. 201106004F - Tómstunda- og æskulýðsnefnd Norðurbings - 5

Fyrir bæjarstjórn liggur fundargerð 5. fundar tómstunda- og æskulýðsnefndar.

Til máls tóku undir 5. lið fundargerðarinnar, Hjálmar Bogi og Þráinn.

Aðrir liðir fundargerðarinnar staðfestir án umræðu.

11. 201106005F - Bæjarráð Norðurbings - 17

Fyrir bæjarstjórn liggur fundargerð 17. fundar bæjarráðs til staðfestingar.

Til máls tóku undir 8. lið fundargerðarinnar, Hjálmar Bogi og Bergur.

Til máls tóku undir 6. lið fundargerðarinnar, Bergur.

Aðrir liðir fundargerðarinnar staðfestir án umræðu.



12. 201106002F - Framkvæmda- og hafnanefnd Norðurbings - 7

Fyrir bæjarstjórn liggur fundargerð 7. fundar framkvæmda- og hafnanefndar til staðfestingar.

Til máls tóku undir 1. lið fundargerðarinnar, Hjálmar Bogi, Gunnlaugur, Jón Helgi, Benedikt og Soffía.

Til máls tóku undir 2. lið fundargerðarinnar, Hjálmar Bogi, Trausti, Bergur, Benedikt, Soffía, Olga, Þráinn og Jón Helgi.

Til máls tóku undir 10. lið fundargerðarinnar, Hjálmar Bogi, Benedikt og Gunnlaugur.

Til máls tóku undir 7. lið fundargerðarinnar, Hjálmar Bogi, Soffía, Jón Helgi, Bergur, Þráinn, Benedikt og Gunnlaugur.

Hjálmar Bogi og Soffía óskuðu bókað vegna 7. liðar fundargerðarinnar, sem er eftirfarandi:

Það vekur furðu að LOGOS, lögmannsstofa fyrir hönd Norðursiglingar skuli krefjast endurgreiðslu farþegagjalda frá árinu 2008 að fullu en telji engu að síður að ekki standi á umbjóðandi sínum, þ.e. Norðursiglingu að greiða farþegagjöld. Í erindinu kemur fram að upplýsingar og svör vegna uppbyggingar Húsavíkurhafnar hafi ekki borist Norðursiglingu. Því skal haldið til haga að sveitarfélagið hefur í tvígang svarað Norðursiglingu þó að svörin hafi ekki verið fyrirtækinu þóknanleg.

Árið 2007 kostaði aðgangsmiði samkvæmt verðskrá í hvalaskoðun hjá Norðursiglingu 3900 krónur fyrir fullorðna og var farþegagjaldið þá 80 krónur af hverjum miða án virðisauka. Það eru 2,05% af hverjum miða. Árið 2011 kostar aðgangsmiði samkvæmt verðskrá í hvalaskoðun hjá Norðursiglingu 8900 krónur fyrir fullorðna og er farþegagjaldið 140 krónur af hverjum miða utan við virðisauka. Það eru 1,57% af hverjum miða. Frá árinu 2007 hefur farþegagjald á hvern farþega lækkað sem nemur 23% á hvern greiddan aðgöngumiða hjá Norðursiglingu.

Í erindum Norðursiglingar var þess krafist að sveitarfélagið tilgreini með nákvæmum og skýrum hætti hvernig tekjum sem sveitarfélagið hefur af innheimtu farþegagjalda sé varið til uppbyggingar hafnarinnar. Því hefur verið svarað með ágætum eins og kostur er. Verði gengið að þessari óraunhæfu kröfu gæti hver og einn íbúi, hvert og eitt fyrirtæki sent sveitarfélaginu erindi þess efnis að fá nákvæm og skýr svör á því hvernig t.d. fasteignagjöldum og útsvari sé varið að hálfu sveitarfélagsins. Uppbygging samfélags er sameiginlegt verkefni allra, fyrirtækja sem einstaklinga.

Hjálmar Bogi Hafliðason - sign

Soffía Helgadóttir - sign

Aðrir liðir fundargerðarinnar staðfestir án umræðu.

6. fundur bæjarstjórnar Norðurbings
22. júní 2011



Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:05